

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1974

10. maí 1974.

287

Nr. 59.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969 og lög nr. 37 16. apríl 1971.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað 14. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Sigöldu í Tungnaá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni enn fremur heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1974.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

15. maí 1974.

Nr. 60.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskirteina.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskirteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrir en á því almanaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.

A 37

## 2. gr.

4. málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

## 3. gr.

Í stað orðanna „nafnúmer Þjóðskrár“ í 2. málsgr. 2. gr. komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár.

## 4. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverjum lögreglustjóra er heimilt að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskrirteini einstaklinga á aldursbilinu 18—23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skirteini með öðrum lit en er á almennu nafnskrirteini. Heimild þessi er bundin við notkun nafnskrirteinis í sambandi við opinber fyrirmæli um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

Hagstofan gefur út nafnskrirteini með sérstöfum lit til einstaklinga í umdæmum, þar sem lögreglustjóri hefur ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 2. málsgr. Greiða skal fyrir útgáfu slíks skirteinis samkvæmt gjaldskrá, er Hagstofan setur.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 5. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 2. gr.

6. tl. 8. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar, sbr. 5. mgr. 20. gr., og fulltrúar ríkissaksóknara.

## 3. gr.

4. mgr. 18. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.